

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Ölver og Narfastaði, Hvalfjarðarsveit.

Ölver.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti 12. apríl 2016 breytingu á deiliskipulagi Ölvers og Móhóls. Við Ölver er gerð breyting á skilmálum, innbyrðismörkum lóða nr. 39 og 40, og ný lóð nr. 48 verður til á ræktunarsvæði.

Narfastaðir.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti 12. apríl 2016 breytingu á deiliskipulagi Narfastaða. Deiliskipulagið felur í sér breytingu á mörkum deiliskipulagsins, skilmálum og innbyrðismörkum við Háholt 10 og 11.

Deiliskipulagstillögurnar hafa hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar, 15. desember 2016,

Lulu Munk Andersen skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2016